

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ.**

1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og gámagjald, sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjöldin greiðist árlega sem hér greinir:

- a. Fyrir íbúðir í þéttbýli og dreifbýli þar sem sorphreinsun fer fram greiðast kr. 19.500 í sorphirðugjald og kr. 17.000 á íbúð í sorpeyðingargjald. Miðað er við tvær sorptunnur fyrir sorphreinsunargjald, en húseigendum eru í upphafi afhentar tvær, önnur fyrir almennt sorp og hin fyrir flokkað sorp.
- b. Fyrir sumarbústaði þar sem sorphirða fer ekki fram greiðast kr. 5.500 á bústað í sorpeyðingargjald og kr. 8.500 á bústað í gámagjald.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 6. desember 2018 með stoð í 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ nr. 1231/2017.

*Snæfellsbæ, 6. desember 2018.*

**Kristinn Jónasson** bæjarstjóri.